

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 15. desember í máli nr. E-4546/2008:

S.R. Holdings ehf.

(Sigurður Sigurjónsson hrl.)

gegn

Vagneignum ehf.

(Baldvin Hafsteinsson hrl.)

Mál þetta, sem var dómtekið 9. desember sl. er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af S.R. Holdings ehf., Miðhrauni 22c, Garðabæ á hendur Vagneignum ehf., Vagnhöfða 23, Reykjavík, með stefnu birtri 9. júní 2008.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 48.705.592 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla laga um nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 2.801.000 kr. frá 18. janúar 2008 til 14. mars s.á., en af 3.953.000 kr. frá þeim tíma til 7. apríl s.á., en af 3.453.000 kr. frá þeim tíma til 23. apríl s.á., en af 23.426.692 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Til frádráttar komi innborganir samtals að fjárhæð 25.278.900 kr. Þá er gerð krafa um málskostnað úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda eru þær, aðallega, að vera sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Til vara, að vera sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu gegn greiðslu á 1.315.854 kr.

Þá krefst stefndi þess að stefnanda verði gert að greiða sér tafabætur að upphæð 3.107.000 kr. með dráttarvöxtum frá 7. apríl 2008 til greiðsludags, og að stefnda verði heimilað að skuldajafna tafabótum við ofangreinda fjárhæð eins og til hrekkur, en krafist er sjálfstæðs dóms fyrir því sem út af stendur.

Til þrautavara er þess krafist að stefnukröfur verði verulega lækkaðar að mati dómsins og að stefnda verði heimilað að skuldajafna tafabótum eins og að framan er krafist við hverja þá tildæmdu fjárhæð eins og til hrekkur.

Í öllum tilvikum þá krefst stefndi málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda, að mati dómsins.

Málavextir

Í september 2007 var gefin út útboðslýsing fyrir jarðvinnuverk fyrir Vagneignir ehf. að Krókhálsi 9, Reykjavík. Nokkur tilboð fengust í verkið og var SR verktakar ehf. meðal tilboðsgjafa.

Hinn 11. október 2007 var gerður verksamningur á milli Vagneigna ehf., sem verkkaupa og SR verktaka ehf., sem verktaka. Til grundvallar verksamningi var útboðs- og verklýsing og var það hluti samnings aðila. Skv. 2. gr. samningsins var nettó samningsupphæð 17.735.608 kr., eftir að reiknað var með 12% afslætti. Greiða átti fyrir verkið með bifreiðum og tveimur greiðslum, annarri með tilliti til verkstöðu 1. nóvember 2007 og hinni við verklok, sem voru 1. desember 2007. Þá var samið um 12% afslátt frá einingarverði og skyldi afslátturinn gilda, kæmi til magnaukningar eða minnkunar á verkinu við útreikning heildarverðs. Í 4. gr. samningsins er tekið fram að engar verðbætur verði greiddar vegna þessa samnings. Í 6. gr. samningsins var kveðið á um tafabætur og skyldi verkkaupi greiða 36.277 kr. á dag sem fyrir hvern almanaksdag sem verkskil drægjust.

Hinn 10. desember 2007 var gerður viðbótarsamningur á þeirri forsendu, eins og segir í 1. gr. hans, að magntölur höfðu breyst verulega og hafði það leitt til aukningar á verkinu og framlengingar á verk tíma. Samið var um að fyllingar undir grunn byggingar yrðu tilbúnar 22. desember 2007 og fyllingar á lóð tilbúnar, þ.e. endanleg verklok, yrðu 18. janúar 2008. Nýtt samningsákvæði var um tafabætur þannig að samið var um 25.000 kr. á dag sem það drægist að ljúka fyllingu undir grunn byggingar og 39.000 kr. á dag sem verklok drægjust.

Hinn 25. janúar 2008 var gert samkomulag vegna nefnds verksamnings um peningalegar efndir samningsins.

Hinn 6. mars 2008 ritar lögmaður SR verkataka ehf. stefnda bréf, þar sem fram koma skilyrði í fimm tölulíðum fyrir verklokum.

Hinn 26. mars 2008 er nefndum skilyrðum hafnað og skorað á SR verktaka ehf. að klára verkið.

Hinn 23. apríl 2008 krefur lögmaður SR verktaka ehf. stefnda um greiðslu á reikningum. Innheimtubrèfinu var svarað 29. maí 2008 og því haldið fram að verkkaupi, þ.e. stefndi, hafi þá þegar ofgreitt 308.858 kr.

Mál þetta er síðan höfðað í júní 2008 af SR Holdings ehf.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Í upphafi tekur stefnandi fram að málið sé rekið á grundvelli kröfu SR verktaka ehf. á hendur stefnda. Krafa SR verktaka ehf. hefur verið með samningi framseld til SR. Holdings ehf., sem er samstarfsfyrirtæki verktaka. SR Holdings ehf. hefur þannig tekið við réttindum og skyldum verktaka og öðlast aðild að málinu.

Stefnandi telur ágreiningslaust, að aðilar gerðu með sér samning um að verktaki tæki að sér að vinna jarðvinnu fyrir stefnda. Í málinu liggja fyrir verk- og útboðslýsing, verksamningur og viðbótarverksamningur. Ennfremur fylgiskjal með verksamningi þar sem vinnutillögum er tilgreind. Þá er að finna línulega framkvæmdaráætlun verktaka.

Stefnandi telur óumdeilt að forsendur fyrir verksamningi hafi verið brostnar. Felst það einkum í því, að verk- og útboðslýsing var stórlega gölluð með því að um alvarlega vanáætlun var að tefla á magni því, sem vinna skyldi. Stefnandi telur að líta eigi hér til ÍST 30:2003 en þar er tekið sérstaklega á tilvikum, þar sem um er að ræða villur í útboðsgögnum eins og hér háttar til. Í liðnum 14.1.1 er því lýst, hvernig að skuli standa þegar fram kemur villa í gögnum en af hálfu verktaka var kvartað yfir því og bent á, að verk- og útboðslýsing fengi ekki staðist, svo stórfelld var magnaukning í verkinu. Leit stefnandi einkum til kafla 14.4 í íslenskum staðli og 13.2.1 og krafðist upptöku og endurgerðar á verksamningi, m.a. hvað varðaði framkvæmdartíma og verkverð. Stefnandi reyndi að semja um greiðslur, sérstaklega vegna hinnar stórfelldu magnaukningar en enginn samningur var gerður þar að lútandi. Ákvæði 16.5 í íslenskum staðli gera ráð fyrir að endursemja þurfi í slíku tilviki en stefnandi fellst ekki á að veita afslátt af tilboðsverði á því magni, sem umfram er í verkinu. Enda hefur ekki verið samið um slíkt. Stefnandi telur ljóst, að þegar skrifað var undir verksamning samþykkti hann að veita 12% afslátt frá einingarverði af umsömdu magni. Í kröfugerð stefnanda er við það miðað, að staðið sé við þennan afslátt gagnvart þeim magntölum, sem tilgreindar eru í tilboðsskrá en hins vegar ekki varðandi þá magnaukningu, sem orðin er. Þá telur stefnandi ljóst, að aðstaða og rekstur vinnusvæðis er miklu dýrari á lengri verktíma og ennfremur hefur veturinn verið með þeim hætti, að erfitt hefur verið að vinna við verkið langtímum saman.

Af hálfu stefnanda hafa verið lagðir fram reikningar samtals að fjárhæð 48.705.592 kr. Vísað er til framlagðrar sundurliðunar í skýrslu VSB ehf., en niðurstaða þar er 47.869.692 kr. en að viðbættum aukareikningi verktaka vegna vatnsdælingar að fjárhæð 835.900 kr. verður heildarkrafan 48.705.592 kr. Samkvæmt greiðslufirliti eru ógreiddar eftirstöðvar 23.426.692 kr. auk vaxta og kostnaðar. Krafa um vexti er reist á vaxtalögum nr. 38/2001 en krafa um vexti er þannig fram sett, að eftirstöðvar af reikningi nr. 775, sem gefinn var út 28. desember 2007 að fjárhæð 7.623.100 kr., nema 2.801.000 kr. eftir innborganir 258.497 kr. hinn 14. janúar 2008, 1.000.000 kr. hinn 15. janúar 2008 og 3.563.603 kr. hinn 17. janúar 2008. Reikningur nr. 789 er að fullu greiddur og einnig reikningur 826. Eftirstöðvar af reikningi nr. 832, sem var á gjalddaga 14. mars 2008, voru 1.152.000 kr. og er þannig krafist vaxta af 3.953.000 kr. frá 14. mars til 7. apríl en þá er tekið tillit til innborgunar, Musso bifreiðar, 500.000 kr. en vaxtakrafa er frá 7. apríl til 23. apríl 2008 af 3.453.000 kr. en frá 23. apríl 2008 af

heildarskuld stefnda 23.426.692 kr. Vegna endurútreiknings og endurskoðunar verkfræðistofu VSB hf. er krafa stefnanda lækkuð og gefinn út kreditreikningur að fjárhæð 2.204.090 kr. sem gefur að líta á hreyfingalista.

Um lagarök vísar stefnandi til meginreglu kröfuréttarins um efndir fjárskuldbindinga en sú regla fær m.a. lagastoð í lögum nr. 50/2000 um lausafjárkaup og ÍST 30/2003. Af hálfu stefnanda er vísað til laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu einkum III. kafla laganna varðandi vexti og 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefnda

Eins og málatilbúnaður stefnanda horfir við stefnda byggir stefnandi kröfur sínar einkum á tveim atriðum, breyttu einingaverði annars vegar og verulegri magnaukningu hins vegar. Sýknukröfur sínar byggir stefndi á tveim meginmálsástæðum, að um aðildarskort sé að ræða hjá stefnanda og að stefndi hafi nú þegar staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt verksamningnum.

1. Um aðildarskort: Stefndi telur óumdeilt að krafa sú sem um er deilt í máli þessu eigi rót sína að rekja til verksamnings stefnda dags. 11. október 2007, sbr. viðbótarsamning dags. 10. desember 2007. Það er einnig óumdeilt, að viðsemjandi stefnda samkvæmt nefndum samningum er S.R. verktakar, kt. 460695-2449. Allir reikningar sem fram eru lagðir í máli þessu eru útgefnir af sama aðila. Engu að síður er það S.R.Holdings ehf. kt. 690306-0770, sem er stefnandi í máli þessu og því borið við, að krafa verktakans hafi með samningi verið framseld stefnanda og stefnandi því tekið við réttindum og skyldum verktakans í þessu máli. Stefndi mótmælir þessu og bendir á, að hvorki hafi verið lagður fram umræddur samningur um framsal, né hafa reikningar þeir sem krafa stefnanda byggist á verið framseldir honum með áritun þar á. Því er alfarið mótmælt að stefnandi sé réttur aðili að máli þessu og því ber með hliðsjón af ákvæðum 16. gr. eml. að sýkna stefnda. Þá heldur stefndi því fram, að jafnvel þó svo, að talið verði að einhverskonar framsal hafi átt sér stað, þá sé samningur stefnda og verktaka gagnkvæmur samningur, þar sem hvor aðila um sig ber bæði réttindi og skyldur. Með hliðsjón af meginreglum bæði fjármunaréttarins og verktakaréttarins, séu slíkir samningar óframseljanlegir, án samþykkis gagnaðila og þurfi stefndi ekki að sætta sig við slíkt framsal. Hvort tveggja leiði til þess að um aðildarskort sé að ræða sem leiða eigi til sýknu.

2. Fari svo ólíklega að talið verði að um rétta aðild sé að ræða í málinu byggir stefndi kröfu sína um sýknu á því að hann hafi nú þegar staðið við allar skyldur sínar samkvæmt verksamningi hans við S.R. verktaka ehf.

Um einingarverð: Í stefnu heldur stefnandi því fram, að forsendur fyrir verksamningi aðila hafi verið brostnar vegna galla í útboðsgögnum. Þessu er alfarið mótmælt sem röngu og hafnað af stefnda. Þó svo að breyting hafi orðið á því magni sem vinna þurfti hefur stefnandi ekki sýnt fram á að þar sé um að kenna galla í útboðsgögnum. Útboðsgögn voru vel og nákvæmlega unnin og til þeirra vandað á allan hátt. Samkvæmt þeim átti undir yfirborðslagi því sem fjarlægja bar, að vera bæði klöpp og nothæf móhella. Engar skýringar hafa fengist á því, hvað fór

úrskaiðis þegar vinna við verkið hófst, eða hvort óvandvirkni verktakans kunni hugsanlega að hafa verið um að kenna. Það eitt, að magnaukning hafi orðið, svo og breyting á verkfyrirkomulagi, er ekki staðfesting á því að útboðsgögn hafi verið gölluð. Stefndi bendir á, að verktaki hafi frá fyrstu tíð gert athugasemdir við það magn sem átti að fjarlægja. Áskildi hann sér strax rétt til að fá leiðréttingu á verktímanum og svo fór að endingu, að gerður var við hann viðbótarsamningur, þar sem skiladagar verksins voru færðir aftur og breyting var gerð á greiðslufyrirkomulagi stefnda til verktakans. Hefur stefndi þannig að fullu komið til móts við verktakann, sbr. skilyrði IST 30, grein 14.1.2 um breytingar á verki. Stefndi bendir jafnframt á, að hvergi í gögnum málsins kemur fram, að verktaki hafi krafist endurskoðunar á verkverði eins og haldið er fram í stefnu. Í verksamningi aðila var samið um ákveðin verkverð, sem ekki sættu verðbótum á verktímanum sem og ákveðinn afslátt, sem verktaki samþykkti sérstaklega að skyldu gilda, jafnvel þótt kæmi til magnaukningar. Engin breyting var gerð á þessu í viðbótarsamkomulagi aðila hinn 10. desember 2007. Stefnandi á þannig hvorki rétt til að krefja um önnur einingarverð nú eða falla frá afslætti. Í þessu sambandi vísar stefndi einnig til fylgiseðils með reikningi verkatakans dags. 22. febrúar 2008, þar kemur skýrt fram að hann miðar sjálfur við umsamin einingaverð ásamt afslætti. Staðhæfingum stefnanda um annað er hafnað sem röngum og ósönnuðum.

Þá mótmælir stefndi harðlega framsetningu og umræðu verkfræðistofu VSB á einingarverðum enda eru staðhæfingar þeirra um eðlileg og rétt einingaverð með öllu órökstuddar og ósannaðar. Er því með öllu útilokað að taka tillit til þeirra.

Um magntölur: Eins og áður sagði, byggði verktaki kröfur sínar á lokareikningi á tölum sem hann fékk frá mælingamanni sínum. Samkvæmt niðurstöðum mælingamannsins nam magn uppúrtekens efnis 21,083 m³ en fylling nam 34,218 m³. Við nánari skoðun kom í ljós, að þessar tölur voru í verulegum atriðum rangar. Brá verktaki á það ráð að fá verkfræðistofu VSB til að yfirfara magntölur sínar og komu þá í ljós verulegar skekkjur í umræddum mælingum. Bæði vantaði botnmælingar á allnokkru svæði, þar sem uppúrtekt hafði farið fram, auk þess sem stórt svæði vantaði inn á fyllingarmælingu. Þá hafði gleymst að undanskilja ófyllt svæði á norðurhluta lóðarinnar. Þar sem mælingapunkta vantaði brá verkfræðistofan á það ráð að áætla þá inn í jöfnuna. Engu að síður varð niðurstaðan sú, að magn það sem byggt var á í lokareikningi verkataka stóðst engan veginn.

Stefndi heldur því fram að Verkfræðistofunni hafi verið afhentar mælingar eftirlitsmanns stefnda til að freista þess að ná réttri niðurstöðu. Í skýrslu verkfræðistofunnar var strax gerður fyrirvari um að ekki væri um sambærilega útreikninga að ræða, þar sem byggt væri á mismunandi reiknisáðferðum. Verkfræðistofan og mælingamaður verktaka notuðust við þríhyrningalíkon en eftirlitsmaður stefnda reiknaði magnið út frá sniðum. Engu að síður brá verkfræðistofan á það ráð, að setja mælipunkta eftirlitsins inn í þríhyrningalíkan og freista þess á þann hátt að fá út sambærilegar tölur. Stefndi gerir alvarlegar athugasemdir við þetta verklag þar sem sniðpunktar eru settir inn í þríhyrningalíkan og hafnar niðurstöðum þeim sem þannig voru fengnar.

Í skýrslu VSB eru niðurstöður settar fram í samandregnum tölum svo erfitt er að gera sér grein fyrir hvernig þær skiptast á milli einstakra liða. Þannig er magn

uppúrtekens efnis sett fram sem ein tala og sama á við með fyllingu. Svo virðist sem þessi framsetning villi um fyrir VSB í minnispunktum þeirra, þar sem mistökin eru aukin með því að taka ekki tillit til þessarar framsetningar í upphaflegu skýrslunni. Vegna þessa alls, ónákvæmni og mistaka við mælingu fulltrúa verktaka svo og ónákvæmrar framsetningar verkfræðistofu VSB á magntölum, hefur stefndi alfarið hafnað að taka tillit til þeirra en reitt sig á þær mælingar sem eftirlitsmaður hans byggir á. Í lokaskýrslu eftirlitsins til stefnda kemur fram, að magntölur eru eftirfarandi.

NR.	VERKÞÁTTUR	Ein.verð	Magn alls	verð alls
1	JARÐVINNA			
1.1	Aðstaða			
1.1.1	Aðstaða og rekstur vinnusvæðis	352.000,0	2	704.000
1.2	Gröftur			0
1.2.1	Gröftur á lífrænu efni og Brottflytingur	440	14.292	6.288.480
1.2.2	Gröftur í grafrarlínu, efni notað á lóð	308	2.220	683.760
1.2.3	Fleygun klappar	1.716	1.567	2.688.972
1.3	Fylling			0
1.3.1	Fylling alls	924	20.783	19.203.492
1.3.3	Þjöppunarpróf	30.800	5	154.000
	Samtals			29.722.704

Af þessari fjárhæð hefur stefndi nú þegar greitt 28.406.850 kr.

Um tafabætur: Samkvæmt viðbótarsamkomulagi aðila frá 10. desember 2007 átti verktaki að skila grunni eigi síðar en 22. desember 2007 og verklok skyldu vera eigi síðar en 18. janúar 2008. Eins og áður sagði er stefndi reiðubúinn að líta svo á að verkinu hafi verið lokið og allri vinnu hætt hinn 7. apríl 2008. Tafir á lið 1, fylling undir grunn, nema því samtals 107 dögum og á lið 2, lokaskil á verki, 80 dögum. Að teknu tilliti til veðurs og tíðarfars fellst stefndi á að þeir dagar sem teljast til tafabóta lækki í 65 daga og 38.

Tafabætur nema því:

Fyrir lið 1. 65 d. @ 25,000, kr. pr. dag	1.625.000,-
Fyrir lið 2. 38 d. @ 39,000 kr. pr. dag	<u>1.482.000,-</u>
Samtals	3.107.000,-

Til viðbótar krefst stefndi dráttarvaxta af tafabótum frá og með 7. apríl 2008, sem stefndi telur vera eindaga bótanna, en þá var verkinu formlega lokið. Gjaldféllu tafabætur á þeim degi og ber stefnanda að greiða dráttarvexti af bótunum frá þeim dag til greiðsludags.

Um kröfugerð stefnanda: Stefndi vill gera sérstaka athugasemd við framsetningu á kröfugerð í stefnu. Í kaflanum um dómkröfur er þess hvergi getið að tekið hafi verið tillit til innborgana við framsetningu og útreikning á kröfum stefnanda. Þá bendir stefndi á að í sundurliðun á innborgunum í stefnu er að engu getið greiðslu sem innt var af hendi hinn 16. janúar 2008, að upphæð 2.801.000 kr. vegna greiðslu á reikning 788. Á sama hátt, tekur stefnandi ekkert tillit til skýrrar áritunar á reikning nr. 832., sem er að upphæð 3.652.000 kr., um að greiddar hafi verið 3.000.000 kr. inn á þann reikning. Að öðru leyti vísar stefndi til hreyfingalista varðandi skuldastöðu aðila.

Í stefnu er því haldið fram, að verktaki hafi gefið út kreditreikning að upphæð 2.204.090 kr. án þess að þessi reikningur sé lagður fram.

Þá er dráttarvaxtakröfu stefnanda harðlega mótmælt. Bendir stefndi á, að hvergi er getið gjalddaga eða eindaga reikninga frá verktakanum. Til viðbótar því sem rætt hefur verið um ákvæði IST 30 bendir stefndi á að skv. 5. gr. vaxtatalag 38/2001 getur kröfuhafi í þeim tilvikum þar sem gjalddaga er ekki getið í fyrsta lagi kafið um dráttarvexti mánuði eftir að hann sannanlega krafði skuldara um greiðslu. Viðurkennt er að lokareikningur barst stefnda hinn 7. apríl 2008 og er því í fyrsta lagi hægt að krefja um dráttarvexti frá og með 7. maí. 2008.

Um lagarök umfram þau sem til er vísað í meginmáli greinargerðar stefnda vísar stefndi til meginreglna kröfuréttarins um framsal og efnir fjárskuldbindinga, ákvæða kaupalaga nr. 50/2000 og ákvæða ÍST 30. Þá vísar stefndi til 130. gr. sbr. 129 gr. sl. um málskostnað.

Forsendur og niðurstæða

Eins og að framan greinir gerðu stefndi, Vagneignir ehf., og SR verktakar ehf. með sér verksamning hinn 11. október 2007. Sá samningur liggur til grundvallar kröfum stefnanda í málinu. Eins og samningurinn ber með sér er SR verktakar ehf. viðsemjandi stefnda. Það sama á við í viðbótarsamningi frá 10. desember 2007 og samkomulagi frá 25. janúar 2008. Allir reikningar vegna verksins stafa frá SR verktökum ehf. og hefur stefndi innt greiðslur sínar af hendi til þess félags. Eru þetta reikningar fyrir tímabilið 24. nóvember 2007 til 3. apríl 2008. Í öllum fundargerðum vegna verksins var mætt fyrir hönd SR verktaka ehf. Í öllum bréfaskiptum er liggja fyrir í málinu er komið fram fyrir hönd SR verktaka ehf. Stefndi, SR Holdings ehf., er fyrst getið í máli þessu í stefnunni. Þar segir að krafa SR verktaka ehf. hafi með samningi verið framseld til SR Holdings ehf. Það sé samstarfsfyrirtæki SR verktaka ehf. SR Holdings ehf. hafi þannig tekið við réttindum og skyldum verktaka og öðlast aðild að málinu. Þessi yfirlýsing stefnanda er ekki studd gögnum. Engir samningar hafa verið lagðir fram né bera reikningar það með sér að þeir hafi verið framseldir stefnanda. Þá var stefnda ekki kunnugt um þessi aðilaskipti að samningnum og krefst því sýknu vegna aðildarskorts.

Með vísan til þess sem að framan greinir er ósannað að stefnandi sé réttur aðili að máli þessu. Því ber, með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga um meðferð einkamála, að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda. Eftir þessari niðurstöðu ber stefnanda að greiða stefnda málskostnað svo sem greinir í dómsorði.

Af hálfu stefnanda flutti málið Sigurður Sigurðsson hrl.

Af hálfu stefnda flutti málið Baldvin Hafsteinsson hrl.

Sigrún Guðmundsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt Ásmundi Magnússyni tæknifræðingi og Hálfðani Þóri Markússyni verkfræðingi.

DÓMSORÐ

Stefndi, Vagneignir ehf., er sýknaður af kröfum stefnanda, SR Holdings ehf. Stefndi greiði stefnda 400.000 kr. í málskostnað.

Sigrún Guðmundsdóttir.

Ásmundur Magnússon.

Hálfðan Þórir Markússon.